

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Glerárvirkjunar II.*

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. febrúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Glerárvirkjun II.

Breytingin felur í sér breytingu á legu og gerð göngustíga, staðsetningu bílastæðis/áningarstaðar, lagfæringu á legu aðrennslispípu til samræmis við verkhönnun og endanlega legu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 20. febrúar 2019,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2019